

Aðalfundur Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 mánudaginn 2. júní 2025 – Múlaberg Akureyri

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Ármann Örn Gunnlaugsson, Edda Hrund Skagfield Guðmundsdóttir, Sara Sigmundsdóttir, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, Örn Arnarson, Tómas Árdal varamaður og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður. Hilda Jana Gísladóttir boðaði forföll.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri, Elín Aradóttir, Halldór Óli Kjartansson, Hjalti Páll Þórarinsson, Katrín Harðardóttir og Rögnvaldur Már Helgason.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Formaður bar fram tillögu um Gunnar Má Gunnarsson sem fundarstjóra og Hjalta Pál Þórarinsson sem fundarritara. Tillagan samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og byrjaði á að fara yfir lögmæti fundarins. Löglega var til hans boðað, engar athugasemdir bárust við boðun hans og telst hann því löglegur. Fundarstjóri kynnti svo dagskrá fundarins.

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri bauð Viggó Jónsson formann MN í pontu.

Formaður fór yfir það helsta í starfi MN árið 2024.

Arnheiður framkvæmdastjóri fór svo yfir einstök verkefni á síðasta starfsári.

2. Afgreiðsla ársreiknings

Framkvæmdastjóri lagði fram samþykktan og undirritaðan ársreikning MN 2024 til kynningar og fór yfir einstaka liði hans.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning. Enginn kvað sér hljóðs.

3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar

Framkvæmdastjóri kynnti samþykktu fjárhagsáætlun MN fyrir árið 2025.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Ein almenn fyrirpurn barst úr sal sem framkvæmdastjóri svaraði.

Ekki voru fleiri sem tóku til máls.

4. Stjórnarkjör

Halldór Óli kosningastjóri gerði grein fyrir kjöri stjórnar.

Að þessu sinni stóð kjörið um 3 sæti í stjórn, 2 á Norðurlandi eystra og 1 á Norðurlandi vestra.

Ekki bárust önnur framboð en frá sitjandi stjórn og telst hún því sjálfkjörin.

Þau sæti sem voru laus:

Ármann Örn Gunnlaugsson hjá Sjóböðunum fyrir NE.

Sara Sigmundsóttir hjá Hvalaskoðun Akureyrar fyrir NE.

Viggó Jónsson hjá Drangeyjarferðum fyrir NV.

Fyrir voru í stjórn og ekki í kjöri:

Edda Hrund Skagfield Guðmundsdóttir hjá Berjaya Akureyri fyrir NE

Örn Arnarson hjá Hótel Laugarbakka fyrir NV.

Til vara:

Tómas Árdal hjá Arctic Hotels fyrir NV

Þorbjörg Jóhannsdóttir hjá Höldi Bílaleigu fyrir NE.

Tvö stjórnarsæti eru skipuð af landshlutasamtökunum SSNE og SSNV. Hilda Jana Gísladóttir fer úr stjórn og Hlynur Jóhannsson kemur í hennar stað fyrir hönd SSNE. Sveinbjörg Rut Pétursdóttir hefur nú þegar tekið sæti í stjórn í stað Katrínar M. Guðjónsdóttur sem fulltrúi SSNV.

5. Kjör endurskoðenda

Stjórn hefur samþykkt að halda endurskoðun óbreyttri í höndum KPMG.

6. Starfs stjórnreglur stjórnar

Engar breytingar á starfsreglum stjórnar.

7. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Fundarstjóri gaf formanni orðið.

Formaður ræddi um þá staðreynd að framlög sveitarfélaganna til MN hafa haldist óbreytt frá árinu 2003 og ekki hækkað m.t.t. verðlagsbreytinga. Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem skiptir miklu fyrir sveitarfélögin og er lykilþáttur í atvinnuuppbyggingu.

Viggó formaður sleit fundi kl 13:50 og bauð fólki að þiggja kaffiveitingar.

Fundarritari: Hjalti Páll Þórarinsson